


GILDANDI AÐALSKIPULAG




BREYTT AÐALSKIPULAG

Gerð er óveruleg breyting á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða fjögur ný efnistöku svæði við Laxárdalsveg sem nýta á til lagfæringa á Laxárdalsvegi.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir mörgum námum til þess að gefa skýrt yfirlit um þær kvaðir sem gilda um efnistöku og efnislosun. Í Húnaþingi vestra er námum skipt í 5 flokka sem um gilda mismunandi skilmálar. Þær námur sem breytingartillagan nær til falla allar í 2 flokk, 0-10.000 $m^3$, skilmálar; Hægt að veita framkvæmdarleyfi byggt á stefnumörkun aðalskipulags ef náma er í samræmi við lýsingu í aðalskipulagi og raskar ekki jarðmyndunum sem njóta verndar.

Eftirfarandi efnistökusvæði bætast við í aðalskipulagið.

| Nr. | Námuheiti | Gerð | Lýsing | Framkv.-leyfi | Frágangur |
|---|---|---|---|---|---|
| E-52 | Laxáradalur | Jökulruðningur, mjúkur | Efni í fyllingar og fláfleya. Áætluð efnistaka er 5.500 $m^3$ Stærð svæðis er um 17.500 $m^2$. | | Við frágang skal jafna jarðveg þannig að hann falli sem best að umhverfi sínu. |
| E-53 | Laxárdalur | Sandur og möl | Efni í fyllingar og fláfleya. Áætluð efnistaka er 5.500 $m^3$. Stærð svæðis er um 13.000 $m^2$. | | Við frágang skal jafna jarðveg þannig að hann falli sem best að umhverfi sínu. |
| E-54 | Laxárdalur | Jökulruðningur | Efni í fyllingar og fláfleya. Áætluð efnistaka er 1.500 $m^3$. Stærð svæðis er um 5.000 $m^2$. | | Við frágang skal jafna jarðveg þannig að hann falli sem best að umhverfi sínu. |
| E 55 | Laxárdalur | Jökulruðningur | Efni í fyllingar og fláfleya. Áætluð efnistaka er 2.500 $m^3$ Stærð svæðis er um 8.700 $m^2$. | | Við frágang skal jafna jarðveg þannig að hann falli sem best að umhverfi sínu. |

Tillagan er í samræmi við meginstefnu aðalskipulagsins. Nýta á þessi fjögur nýju efnistökusvæði við Laxárdalsveg til lagfæringar á veginum. Í markmiðum í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 er sagt að ávallt sé til taks næg efni til framkvæmda. Í skipulaginu um samgöngur er markmiðið að leitað verð hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstaröryggi og samtengingu. Leiðir að því markmiði eru að stuðlað verði að bættum samgöngum innan sveitarfélagsins og við nágrannabyggðalög. Efnistökusvæðin eru innan svæðis sem er skilgreint sem landbúnaðarland og liggur að Laxárdalsvegi. Ekki er um eiginlegt landbúnaðarsvæði að ræða hvorki til ræktunar né beitar, m.a. sökum nálægðar þess við tengiveginn Laxárdalsveg. Umfang landnýtingar eykst ekki verulega, settar verða strangar kröfur um frágang efnistökusvæði eftir að efnistöku er lokið.

Tillagan er ekki líkleg til að hafa veruleg áhrif á skipulagssvæðið eða utan þess. Krafa verður gerð um frágang á efnistökusvæðunum að efnistöku lokinni. Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni. Tillagan er frekar talin hafa jákvæð áhrif þar sem með lagfæringu á Laxárdalsvegi eykst umferðaröryggi svæðisins.

Að þessu leyti má færa sterk rök fyrir því að um óverulega breytingu sé að ræða þar sem efnistakan er innan svæða sem er að mestu þegar raskað og innan veghelgunarsvæðis Laxárdalsvegar. Ekki er talið að þessi nýju efnistökusvæði hafi stórt landfræðilegt umfang. Um er að ræða fjögur efnistökusvæði sem eru á stærðinni 0,5-1,75 ha, heildarstærð svæðanna er 4,45 ha. Öll svæðin eru innan raskaðs svæðis við Laxárdalsveg.

Landupplýsingar frá Landmælingum Íslands IS 50V.

N

## Byggð

- Landbúnaðarsvæði (<200m y.s.)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Lögbýli/Eyðibýli
- Verslun og þjónusta
- Samfélagsþjónusta
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- E Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Óbyggð svæði (>200m y.s., afréttalönd)
- Ár og vötn

## Samgöngur

- Stofnvegir
- Aðrir vegir einvörðungu til skýringar
- Gönguleiðir/fornar þjóðleiðir (að hluta varðaðar)
- Reiðleiðir

## Veitur

- RAFVEITA
- Háspennulínur 66 kV og stærri
- S FJARSKIPTAMASTUR
- Mörk skipulagssvæðis (og sveitarfélagsins)
- Jarðamörk skv. RALA (til skýringar)

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann [illegible] 2022 Byggðarráð

SVEITARSTJÓRI HÚNAÞINGS VESTRA

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann ______ 2022.

SKIPULAGSSTOFNUN

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 2. ágúst 2022.

LANDMÓTUN

Landmótun sf. teiknistofa landslagsarkitekta
Hamraborg 12, s: 575 5300
200 Kópavogur f: 554 5360 Netfang landmotun@landmotun.is

# AÐALSKIPULAG HÚNAÞINGS VESTRA 2014-2026

## SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

KVARÐI 1: 100.000 A4 DAGS. 11. júlí 2022 SKIPULAG: ÓÖG TEIKNAÐ:ÓÖG

VERKNR. 5508-SA1301G TEIKN nr. SA1301G-01 Br. 22.07.2022